



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 438

Ágúst Jósefsson
bæjarfulltrúi og prentari

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 438

Ágúst Jósefsson

Ágúst Jósefsson var fæddur á Belgstöðum á Akraneshreppi hinum forna, 14. ágúst 1874. Foreldrar Ágústs voru Jósef Helgason, sjómaður fæddur í Dægur á Akranesi 13. nóvember 1835 og Guðríður Guðmundsdóttir fædd 16. júlí 1833 á Syðri Krossum í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Faðir Ágústs drukknaði þegar hann var barn og flutti hann með móður sinni til Reykjavíkur árið 1880. Ágúst lærði prentám hjá Birni Jónssyni ritstjóra. Ágúst kynntist eiginkonu sinni Pauline Charlotte Amalie Sæby á heimili Björns Jónssonar ritstjóra og frú Elísabetar. Ágúst og Pauline gifta sig í Sankti Jóhannesarkirkjunni við Norðurbrú og búa í Kaupmannahöfn um 10 ára skeið. Haustið 1904 er Ágúst kvaddur í danska herinn, þá var hann búinn að vera búsettur í Danmörku í tíu ár og þau hjón komin með þrjú börn. Verður það til þess að þau flytja heim til Íslands og starfar Ágúst við Ísafoldarprentsmiðju. Árið 1918 var Ágúst skipaður heilbrigðisfulltrúi í Reykjavík og var í því starfi í 32 ár.

Í blaðinu Akranes frá árinu 1952, sem er í einkaskjalasafni Ágústs er viðtal við hann þar sem hann rekur lífshlaup sitt.

Skjalaskrá

Askja 1

Vegabréf Ágústs útgefið 29. júní 1954.

Heiðursskjal sem Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi, fékk sem heiðursfélagi í Reykjavíkurfélaginu, dagsett 18. ágúst 1961.

Bréf sem Ágúst sendi dóttur sinni Maju 2. febrúar 1945 og 26. janúar 1964.

Tvö bréf skrifuð af Ágústi 15. júlí og 1. október 1940 til Sigurðar og Maríu.

Boðskort til Ágústs að koma við móttöku til heiðurs Ólafi V. Noregskonungi 1. júní 1961 í Melaskólanum .

Listi yfir fermingarsystkini 12. maí 1889.

Boðskort til Ágústs tilefni að 2000. fundi Bæjarráðs Reykjavíkur 25. apríl 1961 og að sitja kvöldverð.

Þakkarkort og kveðjur.

Blaðagrein úr blaðinu Akranesi frá árinu 1952, þar er viðtal við Ágúst Jósefsson.

Völundur blað íslenskra iðnaðarmanna í Kaupmannahöfn árið 1901.

Afrit af gögnum varðandi félag iðnaðarmanna í Kaupmannahöfn kringum aldamótin 1900.

Afmæliskveðja til Ágústs Jósefssonar bæjarfulltrúa og heilbrigðisfulltrúa í tilefni að 50 ára afmæli hans frá Jóni frá Hvoli og ljóð eftir Kjartan Ólafsson ásamt mynd.

Heillaskeyti í tilefni að 70 ára afmæli Ágústs 14. ágúst 1944.

Afmæliskort í tilefni af 90 ára afmæli Ágústs frá félögum í Alþýðuflokknum 14. ágúst 1964.

Skeyti frá silfurbrúðkaupsafmæli hjónanna 5. september 1922 og 60 ára afmæli Ágústs.

Grafskrift: Rannveig Matthíasdóttir f. 1836. Guðríður Jónsdóttir f. 1897.

Ekkja Guðríður Guðmundsdóttir f. 1833. Andreas Christian Sæby beykir f. 1852. Pauline C.A. Jósefsson f. Sæby f. 1875. Sigurður Stefánsson vígslubiskup f. 1903 og María

Ágústsdóttir vígslubiskupsfrú Möðruvöllum í Hörgárdal f. 1904. Öll jörðuð í gamla garði.

Minnismiðar og vasabók frá 18. ágúst 1906 til 22. febrúar 1907.

Reikningar.

Afmælis blaðagreinar þegar Ágúst var 85 og 90 ára.

Alþýðublaðið 29. október 1959 sagt frá stofnun Alþýðublaðsins. Ágúst var einn að stofnendum þess.

Alþýðubrauðgerðin, sögubrot, stofnsett 28. nóvember 1917. Reglur fyrir Brauðgerð

Alþýðufélaganna í Reykjavík eins og þær voru samþykktar á fundi 28. október 1917.

Skrá yfir lánveitendur til stofnunar Alþýðubrauðgerðarinnar. Afrit af fundargerðum stjórnar Alþýðubrauðgerðarinnar frá 9. febrúar 1918 til 28. janúar 1920.

Minnispunktar úr sögu Alþýðubrauðgerðarinnar. Minnisblöð og fundagerð 170. fundar Alþýðubrauðgerðarinnar 22. október 1940.

Úrdráttur úr gerðabók fulltrúaráðs Alþýðusambands Íslands viðvirkjandi Alþýðubrauðgerðina.

Reikningar yfir tekjur og gjöld frá 12. nóvember til 31. desember 1917.

Listi yfir stjórnarmenn Alþýðubrauðgerðarinnar frá 1917-1954.

Alþýðubrauðgerðin 1917, 1920, 1925, 1930 og 1935 vinnulaun, keypt efni og seldar brauðvörur.

Blaðaúrklippur Alþýðublaðið 28. október 1937. Alþýðubrauðgerðin 20. ára. Blaðaúrklippur

Alþýðublaðið 12. nóvember 1957 Alþýðubrauðgerðin 40. ára. Blaðaúrklippur Alþýðublaðið 20. desember 1932, Jón Baldvinsson fimmtugur.

Bálfarafélag Íslands var stofnað 6. febrúar 1934.

Bréf frá Bálfarafélagi Íslands 1936 og 1937.

Listi yfir bálfarir 1950. Bæklingur Bálfarir og jarðarfarir eftir G. Björnsson, landlækni og Gunnlaug Claessen dr. med. árið 1929.

Bæklingar Bálfarafélags Íslands skýrsla árin 1935-1939 og 1949.

Dansk ligbrændingsforening. Beretning for aaret 1945 og 1946.

Bálfarafélaginu var slitið 8. apríl 1964 og samþykkt að gögn félagsins fari á Þjóðminjasafnið.

Askja 2

Skipunarbréf og útnefningar í ýmsar stöður og nefndir.

Ágrip af sögu Starfsmannafélags Reykjavíkur. Starfsmannablað Reykjavíkur. Útgefandi

Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar 1. árgangur, 1. tölublað júlí 1938. Samþykkt um laun

fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar 1. apríl 1945. Reglugerð um vinnutíma

starfsmanna Reykjavíkurbæjar frá 1. júní 1946. Um eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar 18. mars 1943.

Lög um lífeyrisjóð starfsmanna ríkisins nr. 101, 30. des 1943.
Samþykkt um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar 13. desember 1919.
Samþykkt um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar 1. apríl 1939.
Frumvarp til laga um laun starfsmanna ríkisins 1944.
Bréf frá Árna J. I. Árnasyni frá 4. nóvember 1945 þar sem hann rifjar upp tildrög að stofnun Starfsmannafélags Reykjavíkur.
Bréf til Ágústs dagsett 24. október 1945, þar sem Starfsmannafélag Reykjavíkur óskar þess að hann semji sögu Starfsmannafélagsins, einkum þó tildrög að stofnun þess.
Afmælisfagnaður, dagskrá og matseðill í tilefni að 25 og 30 ára afmælis Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.
Útvarpserindi sem flutt var 1. maí 1947 og ræður fluttar við ýmis tækifæri.

Frón blað Sjálfstæðisflokksins 47. og 48. tölublað 1. árgangur.
Alþýðublaðið 25. og 79. tölublað 1920.
Blaðagreinar um árásina á Alþingi 30. mars 1949.
Blaðagreinar um bók Ágústs Jósefssonar 1959.
Ýmsar blaðagreinar m.a. Bæjartóftir Ingólfs eftir Helga Hjörvar.
Blaðagreinar um vatnsbólin í Reykjavík 5. janúar 1945.
Blaðaúrklippur og minnismiðar m.a um Ágúst Jósefsson.
Smásaga eftir Hannes Pétursson 1956.
Gömlu íshúsin. Fyrsta Íþróttafélagið. Gamlar Reykjavíkurmyndir, 1956.

Skráð í desember 2010, Bergþóra Annasdóttir

Þann 9. september 2011 færði Guðrún L. Ásgeirsdóttir Borgarskjalasafni viðbót við einkaskjalasafn nr. 438 – Ágúst Jósefsson.

Bréf sem Ágúst sendi dóttur sinni Maríu og Sigurði manni hennar á tímabilinu maí 1957 til ágúst 1960.
Ættartala Ágústs Jósefssonar.
Ræða flutt 22. febrúar 1959 á fimm hundraðasta fundi Hins íslenska prentarafélags.

Skráð í september 2011, Bergþóra Annasdóttir

Þann 5. nóvember 2013 færði Guðrún L. Ásgeirsdóttir Borgarskjalasafni viðbót við einkaskjalasafn nr. 438- Ágúst Jósefsson.

Örk
Bréf frá Ágústi Jósefssyni til Sigmundar, 24. september 1945.
Minnismiði. Heimili í Reykjavík, 1880-1889.

Nafnspjöld, Ágúst Jósefsson.

Póstkort, 2 kort.

Umslag nr. 1

Ljósmynd: Ágúst Jósefsson, 2 myndir.

Umslag nr. 2

Ljósmynd: Pauline Sæley og Ágúst Jósefsson, 1. ágúst 1934.

Umslag nr. 3

Ljósmynd: Kristján Ágústsson og Ágúst Jósefsson.

Ljósmynd: Ágúst Jósefsson og börn hans.

Ljósmynd: Líklega Ágúst Jósefsson og börn hans.

Umslag nr. 4

Ljósmynd: Mynd af mönnum í bifreið, án árs.

Ljósmynd: Líklega sömu menn sitjandi á grasbala, án árs.

Ljósmynd: Mynd af tveim mönnum, án árs.

Skráð í nóvember 2013
Gréta Björg Sörens dóttir